

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um útflutningsleka til Rússlands.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

- Er ráðherra kunnugt um að Rússar hafi komist yfir vörur sem sæta útflutningsbanni til Rússlands í gegnum milliliði í öðrum ríkjum, í trássi við þvingunaraðgerðir ESB gegn Rússlandi? Ef svo er, hvert er umfang útflutningslekans?
- Hefur útflutningur frá Íslandi til ríkja Mið-Asíu og Kákasus aukist samhliða innleiðingu þvingunaraðgerða gagnvart Rússlandi? Ef svo er, hver er aukningin í hverju ríki og til hvaða vöruflokka má rekja hana?

Munnlegt svar óskast.